

## 11. stjórnarfundur EBAK haldinn þ. 26. nóvember 2024 kl. 15.

Formaður setti fund, allir stjórnarmenn mættir nema Sigurður sem tilkynnti forföll.

### Dagskrá:

#### 1. Félagsfundur 20. nóvember haldinn í Brekkuskóla

Aðeins mættu 38 manns, enda mikil ófærð í bænum. Nokkrar nefndir kynntu störf sín og einnig kom Birna frá Birtu og sagði frá félagsstarfinu. Þetta átti að vera fundur til að safna hugmyndum og ræða málín, en tæknin og tölvukerfið brást svo það bíður betri tíma. E.t.v. væri æskilegt að hafa annan fund eftir áramót um skipulags- og húsnæðismál á Akureyri.

#### 2. Tækjamál í sal Bugðusíðu 1

Tvö tilboð bárust frá Origo og frá Advania. Stjórnin samþykkti að taka tilboði Advania sem inniheldur 98 tommu gagnvirkan snertiskjá og two 65 tommu skjái ásamt statifi með rafmagnsupphengi á hjólum. Með öllu sem til þarf gæti þetta kostað 1 og hálfa milljón.

#### 3. Stólamál

Stjórnarmenn hafa skoðað stóla í A 4 og Pennanum Eymundsson og eru þeir misjafnir til setu. Þrjú eintök voru til sýnis fyrir stjórnarmenn. Formaður vill gjarnan skoða þetta betur og var afgreiðslu um málið frestað.

#### 4. Þreifingar um leiguibúðir við Kjarnagötu 53

Stefán Yngvason fjárfestir er að ljúka byggingu 16 íbúða blokkar við Kjarnagötu 53, og hyggst hann leigja íbúðirnar. Hann hefur áhuga á að leita samstarfs við EBAK og auglýsa þær í samvinnu við okkur. Nokkrar umræður og skoðanaskipti voru um þetta mál en allir stjórnarmenn lögðu áherslu á að verði þessar íbúðir leigðar okkar félagsmönnum, þá þarf að vera tryggt að leigutaka sé heimilt að leigja íbúðina svo lengi sem hann kýs og ekki sé möguleiki á að segja honum upp þótt eigendaskipti verði.

#### 5. Bugðusíða 1

Engar fréttir.

#### 6. Hlutverk stjórna og nefnda EBAK

Endurskoðun á starfslýsingum nefnda og samþykktum félagsins er lokið. Ákveðið var að nefndir fengju endurskoðaðar starfslýsingar til skoðunar og fínpússningar.

### Önnur mál

a. **Heimasíða.** Eins og áður hefur komið fram var samið við Stefnu um gerð nýrrar heimasíðu. Nú er heimasíðan að verða tilbúin. Garðar Lárusson mun sjá um síðuna sem verður auðveld og þægileg í notkun og býður upp á ýmsa möguleika.

b. **Hraðstefnumót hjá Símey.** Það mun hefjast á morgun kl. 18.30 og vantarár þrjá sjálfboðaliða. Líklegt er að takist hafi að finna þá þótt fyrirvarinn væri skammur.

BG  
BH  
KA  
MA  
MELM  
Brynjulfur FS


c. **Kór EBAK í finu formi**

- d. Erindi kom til stjórnar frá Kór EBAK þar sem kórinn fer fram á styrki vegna fjárhagsörðugleika en rekstur er erfiður.
1. Þau biðja um að fá fastan styrk til að greiða upp í laun undirleikara og stjórnanda kórsins.
  2. Þau biðja um sérstakan styrk vegna tónleikaferðar til Finnlands.
  3. Þau biðja um að félagið borgi fyrir rútu á tónleika kórsins í Naustaskóla þ. 1. desember frá Bugðusíðu og Víðilundi og aftur til baka.  
Stjórnin samþykkti að veita kórnum eftirfarandi styrki, 100 þúsund krónu greiðsla á mánuði í 9 mánuði til rekstrar, 200 þúsund krónur vegna tónleikaferðar til Finnlands og rúta verður keypt vegna tónleikanna þ. 1. desember.

e. **Drift**

Vinnuaðstaða er í Landsbankahúsinu, verið er að vinna að 14 verkefnum. Verkefni ÍBA fær jákvæðar undirtektir, en það eru Karl Erlendsson form. EBAK og Guðmundur Magnússon sem vinna að verkefninu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.30. Valgerður Jónsdóttir ritari.

  
Björn  
Þora Þjóladóttir  
Margrét Þ. Magnússon  
margret aymroði  
Óðda Síð  
Karl Erlendsson  
Karl Erlendsson